



Rammi og reglur

Hönnunarmiðstöð Íslands, verslunin Kraum og Listasafn Reykjavíkur standa fyrir nýstárlegri hönnunarsamkeppni sem felst í því að hanna nytjahlut með innblæstri eða tilvísun í listaverk eftir Erró. Verðlaunahafi hlýtur verðlaun að verðmæti 500.000 kr. sem Kraum, Listasafn Reykjavíkur og Samtök Iðnaðarins leggja til auk þess sem hluturinn verður seldur í Hafnarhúsinu og í verslunum Kraums í Aðalstræti og á Kjarvalsstöðum. Einnig má gera ráð fyrir því að fleiri munir í samkeppninni verða valdir til framleiðslu á næstu mánuðum.

Forsendur fyrir þáttöku

Fagmenntaðir hönnuðir og/eða þeir sem heyra undir aðildarfélög Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Markmið

Að hanna nytjahlut með tilvísun í verk eftir Erró eða með innblæstri úr verkum hans.

Umsóknarferli

Tillögum skal skila í lokuðu umslagi merktu dulnefni í verslunina KRAUM, Aðalstræti 10, 101 Reykjavík, fyrir kl. 17.00, mánudaginn 2. mars 2009.

Í umslaginu skal vera annað lokað umslag merkt dulnefni en inni í því þarf rétt nafn hönnuðar, heimilisfang og sími að koma fram. Tillögum skal skila útprentuðum á A4 blaði í lit (hámark 3 síður). Tillögur skulu einnig fylgja með á diskum með pdf skjölum.

Úrslit samkeppninnar verða tilkynnt á Hönnunardögum 27.mars 2009.

Skilyrði

Verð á smásölu má ekki vera meira en 20.000 kr. Athugið að vara má kosta frá 500 – 20.000 kr. í smásölu en hönnuðir þurfa að hafa sína framlegð inni í heildsöluverði eins og reglan er í smásölu. (Verð frá hönnuði til Kraums ekki hærra en 7.500 kr. + vsk. mv. álagningu 2.0 í smásölu) Hér er gerð skýr krafa á hönnuð að hafa reiknað út sína álagningu og bera ábyrgð á henni. Hönnuðir geta haft samband við Hönnunarmiðstöð ef óskað er eftir aðstoð vegna þessa.

Mikilvægt er að búið sé að huga að framleiðsluferlinu. Þ.e. hvar verður varan framleidd og hver er framleiðslugetan. Skal þetta verið tekið fram í tillögnum.

Hönnuður þarf að huga að því að verðið feli einnig í sér umbúðir þ.e. hvernig vörunni verði skilað í smásölu.

Val á tillögum

Fagráð velur verðlaunagripinn úr innsendum tillögum og einnig aðra þá muni sem til greina kemur að framleiða.

Fagráð skipa:

- Halla Bogadóttir - Kraum, formaður
- Soffía Karlsdóttir - Listasafn Reykjavíkur
- Þórey Vilhjálmsdóttir – Hönnunarmiðstöð Íslands
- Pálmar Kristmundsson - Arkitekt
- Egill Egilsson– Vöruhönnuður
- Gunnar Þór Vilhjálmsson – Grafískur hönnuður

Framleiðsla og sala

Hönnuðir munu sjálfir sjá um framleiðslu á þeim vörum sem verða fyrir valinu. Kraum skuldbindur sig til þess að kaupa ákveðið magn vörunnar samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Kraum og Listasafn Reykjavíkur hafa einkarétt á sölu á viðkomandi vöru í 2ár.

Erró

Listamaðurinn Erró hefur góðfúslega veitt leyfi fyrir því að verk hans verði notuð sem innblástur fyrir hönnunarsamkeppnina. Heimilt er að vitna til verka hans í heild sinni eða hluta úr þeim, en æskilegt er að í innsendum gögnum komu fram í hvaða Erróverk verið sé að skírskota til. Hægt er að nálgast gögn um Erró í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi, Tryggvagötu 17. Ríkulega myndskreyttar bækur um Erró fást í bókaverslun og einnig liggja þær frammi í bókasafni. Þá er uppi sýning á verkum hans í Hafnarhúsinu.

Nánari upplýsingar um listamanninn Erró er einnig að finna á heimasíðu Listasafns Reykjavíkur http://www.listasafnreykjavikur.is/desktopdefault.aspx/tabid-2186/3383_read-6283/